



# LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

## **8. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn þriðjudaginn 28. september 2023 kl 17.00 í Ráðhúsinu Flúðum.**

Mætt til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður og Heimir Sigurðsson aðalmaður, Ragnheiður þurfti að boða forföll á síðustu mínútu og ekki náðist í varamann.

1. Kynning á erindisbréfi nefndarinnar
  - a. Sveitarstjóri kynnir erindisbréf fyrir nefndinni. Nefndin setur ekkert útá erindisbréfið.
2. Skipun í ungmennaráð
  - a. Nefndin leitar að einstaklingum 16 – 21 árs til að sitja í ungmennaráði. Ákveðið er að auglýsa eftir einstaklingum í Pésanum og á facebook síðu sveitarfélagsins. Einnig fær nefndin fráfarandi nefndarmenn ungmennaráðs til að aðstoða sig við að finna ungmenni í ráðið.
3. Heilsuvikan
  - a. Heilsuvikan gekk vel fyrir sig og viljum við þakka öllum þeim sem komu að heilsuvikunni. Þökkum þeim sem gáfu vinnuframlag sitt til vikunnar. Viðburðir voru misvel sóttir en þátttaka í heildina góð.
  - b. Finna þarf leiðir til að virkja betur einstaklinga til að taka þátt í viðburðum.
  - c. Nefndin óskar eftir að gert verði ráð fyrir Heilsuviku í fjárlögum fyrir næsta ár. Óskað er eftir 500.000 kr í verkefnið.
  - d. Dagsetningar fyrir næstu heilsuviku verða ræddar á næsta fundi.
4. Sveitastjóri fer yfir fjárlög er tengjast nefndinni
  - a. Nefndin samþykkir gjaldskrárhækkanir er varða sundlaug og íþróttahús sem lagðar eru fyrir, fyrir utan hækkun á árskortum og leggur til að árskort í tækjasal og sundlaug haldist í kr. 16.000
  - b. Nefndin leggur til að sveitastjórn geri ráð fyrir í fjárlögum að breyta þurfi tækjasal og færa hann í viðeigandi rými og útbúa rými fyrir sjúkrapjálfun. Þessar breytingar myndu auka lífsgæði íbúa, hægt væri að lengja opnun tækjasals og auka þjónustustig við íbúa.
  - c. Óskað er eftir að gert verði ráð fyrir í fjárlögum að klósettgamurinn sem til er í áhaldahúsinu verði settur á fótboltavöllinn.
  - d. Óskað er eftir því að gert verði ráð fyrir í fjárlögum að klára að malbika göngustíg að fótboltavelli.

- e. Frístundastyrkur
  - i. Nefndin óskar eftir því að frístundastyrkur verði fyrir börn á aldrinum 0 – 18 í stað 6 – 18 ára.
- 5. Forvarnastarf:
  - a. Nefndin stefnir að því að kalla saman fund með foreldrafélögum leikskóla og grunnskóla og forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar Zero til að efla forvarnastarf í sveitarfélaginu.
- 6. Hálkuvarnir
  - a. Nefndin leggst yfir hálkuvarnir fyrir sundlaugina í vetur og reynir að vera ráðgefandi í þessum málefnum.
- 7. Leikjanámskeið næsta sumar
  - a. Mikilvægt er að það verði leikjanámskeið næsta sumar líkt og var í sumar. Mikil ánægja var meðal iðkenda og foreldra með utanumhald leikjanámskeiðsins. Þetta er liður í að halda sveitarfélaginu fjölskylduvænu og stuðla að góðri heilsu barna, andlegri, líkamlegri og félagslegri.

Fundi slitið 18.35